

Kvenna Listinn Féttalærð

11. dec. 1993 / 11. des.

Á. Kristjáns Hauðibergdóttir
Útg. Kvennalistinn, Laugavegi 17
Sími: 97-13725, fax: 97-27560

Kristín Jónsdóttir
Melba 28
110 REYKJAVÍK

Bráðskemmtilegur og kraftmikill landsfundur

Landsfundurinn að Löngumýri var einkar vel heppnaður að mati fundarkvenna, vel undirbúinn, kraftmikill og skemmtilegur. Fundinn sóttu um 80 konur, sem vonandi eru búnar að jafna sig, þegar þetta birtist, eftir mikla vinnu, miklar vökur og mikið fjör.

Konur úr Austurlandi og Norðurlandi eystra komu saman í rútu frá Akureyri, en konur úr Suðurlandi, Reykjanesi, Reykjavík, Vesturlandi og Vestfjörðum sameinuðust um rútu, sem lagði af stað úr Reykjavík kl. 14.15 föstudaginn 5. nóvember. Það segir kannski mest um stemmninguna, að nú eru margar kvennalistakonur orðnar gallharðar á nauðsyn þess að hefja alla landsfundi með hæfilega langri rútuferð.

"Flökkusagnir" á föstudagskvöldi

Eftir léttan kvöldverð og útdeilingu herbergja á Löngumýri og Hótel Varmahlíð hófst landsfundur 1993 með ávarpi Önnu Dóru Antonsdóttur. Þá var flutt skýrsla framkvæmdaráðs og reikningar lagðir fram og sampykktir. Jóhanna Eyjólfssdóttir, sem ásamt Kristjönu Heiðdal hefur endurskoðað reikninga Kvennalistans undanfarin ár, lagði til, að löggiltur endurskoðandi yrði fenginn til að fara yfir reikningana, sem síðan yrðu

birtir opinberlega, og var það samþykkt. Breytingar á lögum og starfsreglum voru því næst ræddar og samþykktar. Það tók ekki langan tíma, enda búið að kynna tillögurnar allvel í öllum öngum. Dagskrá fóstudagskvöldsins lauk með því, að María Jóhanna Lárusdóttir (betur þekkt undir nafninu Hanna Maja) flutti okkur erindi, sem hún kallaði „Flökkusagnir um kvennahreyfingar“. Efni erindisins entist konum til umræðna fram eftir nótta, en auk þess hélt síðbúinn hnúkaþeyr vöku fyrir sumum.

Ríksfjármál, atvinnu- og launamál á laugardegi

Eftir morgunsund (reyndar bara fárra hreystikvenna) og morganverð á laugardagsmorguninn flutti Sólveig Stefánsdóttir framsöguindi um landbúnað, Ingibjörg Sólrún Qisladóttir um atvinnumál, Kristín Einarsdóttir og Sigrún Jónsdóttir um ríksfjármál og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson um sjávarútvegsmál, en vinnuhópar höfðu verið að störfum undanfarnar vikur um öll þessi málefni nema landbún-aðinn. Að svo búnu skiptu konur sér í umræðuhópa, sem störfuðu til hádegis. Það var einróma álit kvenna, að sá tími hefði verið alltof stuttur, og var það eiginlega eina gagnrýnis-efnið að loknum landsfundi. Við munum það vonandi næst.

Eftir að niðurstöður hópanna höfðu verið ræddar voru lesin upp drög að stjórnmálaályktun, sem sérstakur hópur hafði unnið að. Ein kona úr hverjum anga var síðan tilnefnd í hóp til þess að fara yfir drögin með tilliti til athugasemda, sem fram komu. Hópinn skipuðu þær Þóra Kristín Magnúsdóttir, Vesturlandi, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Vestfjörðum, Ágústa Eiríksdóttir, Norðurlandi vestra, Málmfríður Sigurðardóttir, Norðurlandi eystra, Salóme Guðmundsdóttir, Austurlandi, Eyrún Ingadóttir, Suðurlandi, Kristín Sigurðardóttir, Reykjanesi og Steinunn Óskarsdóttir, Reykjavík.

Heilög reiði yfir kjörum kvenna

Rannveig Sigurðardóttir, hagfræðingur B.S.R.B., og Bryndís Sverrisdóttir, hagfræðingur A.S.I., fluttu erindi um starfsemi viðkomandi samtaka og svöruðu spurningum kvennalista-kvenna um áhrif kvenna í verkalýðshreyfingunni. Anna Hlin Bjarnadóttir lýsti á áhrifaríkan hátt eigin reynslu af því, hvernig er að reyna að komast af sem leiðbeinandi (kennari) með 50 - 60 þús. kr. á mánuði. Margar fundarkonur þekktu sjálfar sig í þeiri lýsingu. Miklar umræður fylgdu í kjölfarið, og leyndi sér ekki pá fremur en í annan tíma heilög reiði yfir þeim smánar-kjörum, sem mörgum konum eru boðin.

En þrátt fyrir alvöru landsfundar gleymdu konur ekki að skemmta sér, og aðalfjörið var á laugardagskvöldið. Þar var etið og drukkið, spilað og sungið, glensað og dansað. Og þá var ekki amalegt að geta látið líða úr preyttum línum í stóra pottinum á Löngumýri með stjórmuhimininn að þaki.

Leystar út með orkusteinum úr Tindastóli

Á sunnudaginn kynntu Elín Antonsdóttir og Helga Erlingsdóttir átaksverkefni kvenna í Norðurlandi eystra í atvinnumálum. Framtak þeirra og árangur eru einmitt dæmigerð fyrir viðbrögð kvenna viða um land gagnvart samdrætti í atvinnulífinu, ekki síst í landbúnaði. Ásgerður Pálsdóttir sagði því næst frá stöðunni í sameiningu sveitarfélaga, en að því búnu voru ályktanir ræddar og samþykktar.

Anna Dóra sleit landsfundinum, og Málmfríður Sigurðardóttir þakkaði frábærar móttökur og viðurgjöming fyrir hönd landsfundargesta. Konurnar á Löngumýri og Hótel Varmahlíð, sem stjónuðu við okkur allan tímann, fengu jólarósir sem þakklætisvott, og loks vorum við leystar út með orkusteinum úr Tindastóli, sem Fjóla Þorleifsdóttir, fyrverandi ljósmódir á Sauðárkróki, hafði tínt og gefið. Var það sannarlega táknrænt fyrir orkuna og baráttuviljann, sem einkenndi þennan 11. landsfund Kvennalistans.



Frumkvæði kvenna verði virt

LANDSFUNDUR KVENNALISTANS, HALDINN AÐ LÖNQU-MÝRI Í SKAGAFIRÐI 5.-7. NÓVEMBER 1993, ÁLYKTAR:

Fylgi Kvennalistans sýnir, að fjöldi fólks vill hafa aðra forgangsröð verkefna en tíðkast hefur í íslenskum stjórmálum, forgangsröð þar sem bættur hagur kvenna, barna og fjölskyldna er í fyrirúmi. Það er kominn tími til að konur stjórn landinu.

Konur standa enn frammi fyrir þeirri óþolandri staðreynd, að laun þeirra eru ekki nema 60% af launum karla. Konur verða að standa þétt saman um leiðréttingu kjara sinna.

Kvennalistinn mótmælir stefnu núverandi ríkisstjórnar,

sem kemur sérstaklega hart niður á konum og er þ.a.l. slæm fyrir þjóðina í heild.

Kvennalistinn mótmælir niðurskurði í velferðarkerfinu sem bitnar verst á heimilunum. Sparnaðartilraunir í heilbrigðiskerfinu bera vott um stefnuleysi og hringlandahátt. Kvennalista-konur vilja auka fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðiskerfinu sem leiða til sparnaðar þegar til lengri tíma er litið.

Velferð okkar í framtíðinni mun byggjast á góðri menntun þjóðarinnar. Kvennalistinn varar við niðurskurði í grunnskólum og mótmælir skólagjöldum og hertum úthlutunarreglum LÍN. Kvennalistinn hvetur til frekari uppbyggingar í menntun og rannsóknum. Eigi íslensk þjóð að komast af í umbrotum nýrra tíma er menntun lykilatriði.

Atvinnuleysi er staðreynnd í íslensku þjóðfélagi sem stjórvöld verða að takast á við. Kvennalistinn bendir á, að einu marktæku viðbrögðin gegn atvinnuleysi hafa komið frá konum. Þær hafa brugðist við af krafti, ekki síst á landsbyggðinni, og komið fram með nýjar hugmyndir í atvinnusköpun. Kvennalistinn vill, að frumkvæði kvenna verði virt og þær hafi greiðari aðgang að ráðgjöf og fjármagni. Lánastofnun þar sem konur hafi forgang myndi breyta stöðunni. Kvennalistinn minnir á, að kaupi fólk íslenskar vörur eflist atvinnan í landinu.

Kvennalistinn bendir á, að við stefnumörkun í undirstöðu-atvinnugreinunum, sjávarútvegi og landbúnaði, hefur hvorki verið tekið mið af umhverfisvernd, þjóðarhagsmunum né hag heimila. Miðstýring, ofstýring og vingulsháttur stjórnvalda um árabil hafa valdið miklum óskunda. Kvennalistinn mótmælir því, hvernig grafið hefur verið undan sjálfsvirðingu vinnandi fólks, ekki síst í landbúnaði. Kvennalistinn bendir á, að þeir sem taka ákvarðanimar eru ekki í tengslum við fólkid.

Kvennalistinn krefst þess, að rekin verði raunhæf fjölskyldustefna. Kvennalistinn vill, að vinnuvikan verði stytt án kjaraskerðingar og dagvinnulaun dugi til framfærslu. Í tilefni af ári fjölskyldunnar árið 1994 beinir Kvennalistinn þeim tilmælum til sveitarstjóra að gera góðan aðbúnað barna að forgangs-verkefni.

Kvenlegra sjónarmiða gætir allt of lítið í íslensku stjórnkerfi. Á miklu breytingaskeiði íslensks þjóðfélags verður að gæta þess tryggilega, að ávinningar í réttindabaráttu kvenna glatist ekki og velferðarkerfið bíði ekki skaða. Þar er konum best treystandi.

Kvennalistinn minnir á, að tímabundnir erfiðleikar í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar þurfa ekki að vera til illa eins.

Þeir kalla á endurmat, endurskipulagningu, hagræðingu, nýtingu og nýsköpun. Við þurfum að virkja þann kraft sem í fólkini býr. Þá getum við vænst þess, að út úr ríkjandi kreppu-ástandi komi heilbrigðara samfélag - reynslunni ríkara.



Verkalýðshreyfingin að falla á tíma

LANDSFUNDUR KVENNALISTANS, HALDINN AÐ LÖNQU-MÝRI Í SKAQAFIRÐI 5. - 7. NÓV 1993, ÁLYKTAR:

Atvinnuleysi á Íslandi er nú meira en nokku sinni og kemur ekki síst niður á ófaglærðu starfsfólki og konum. Í lok ágúst voru 2700 konur atvinnulausar og 1980 karlar. Þá jókst langtímaatvinnuleysi meðal kvenna um 19% í sumar en minnk-aði um 11% meðal karla. Í þessum tölum endurspeglast sú staðreynd að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum hafa fyrst og fremst komið körlum til góða. Af einum milljarði sem ætlaður var til atvinnusköpunar í tengslum við gerð kjarasamninga varði ríkisstjórnin rúmlega 900 milljónum til þess að skapa störf fyrir karla, en 80 milljónum til atvinnuuppbyggingar fyrir konur.

Með þessari misskiptingu sýnir ríkisstjórnin störfum kvenna og því frumkvæði sem þær hafa sýnt í atvinnumálum algert virðingarleysi. Eigi fjármagn til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar að nýast konum jafnt sem körlum verða konur að eiga hlut að málum þegar því er úthlutað. Um allt land hafa konur reynt að takast á við samdrátt og atvinnuleysi með eigin atvinnusköpun án þess að njóta fyrirgreiðslu frá stjórnvöldum og lánastofnum. Kvennalistinn leggur áherslu á að konur verði ráðnar til atvinnuráðgjafar í öllum landshlutum og að því fé sem ríkið ver til atvinnumála verði úthlutað í samráði við þá sem starfa að þessum málum um land allt. Þá skorar Kvennalistinn á stjórmendur banka og sjóða að kanna möguleikana á því að koma á fót sérstökum lánaflokkum fyrir konur í atvinnurekstri.

Kvennalistinn mótmælir þeiri tilhneigingu að konur eigi öðrum fremur að liðka til á vinnumarkaði og draga úr vinnu

utan heimilis þegar atvinna minnkar. Þá eigi þær að mæta sparnaðinum í opinberri þjónustu með aukinni ólaunaðri vinnu á heimilunum. Kynskiptur vinnumarkaður getur ekki gengið án vinnu kvenna og konur eru komnar á vinnumarkaðinn til að vera. Þær eru varanlegt vinnuafli en ekki varavinnuafli. Við þær efnahagsaðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu mega konur ekki láta sjálfskipaða vörlumenn sektarkenndar kvenna segja sér hvað er þeim og börnum þeirra fyrir bestu. Konur verða að gæta réttar síns.

Eftir áratuga baráttu eru íslenskar konur ennþá með rúmlega 50% lægri tekjur en karlar. Konur hafa ítrekað leitað eftir stuðningi verkalýðshreyfingarinnar en án sýnilegs árangurs. Getu- og viljaleysi hennar til að takast á við launamisrétti kynjanna virðist algert. Kvennalistakonur vilja standa vörð um verkalýðshreyfinguna og félagslega ávinninga hennar en hljóta um leið að vara alvarlega við því skeytingarleysi sem þar ríkir um hagsmunamál kvenna. Verkalýðshreyfingin er að falla á tíma og því brýnt að hún taki starfshætti sína og stefnumörkun til alvarlegrar endurskoðunar.

Frá árinu 1988 hefur kaupmáttur rýmað um 20% og stórir hópar fólks hafa laun sem ekki hrökkva fyrir brýnustu nauðsynjum. Kvennalistinn mótmælir sliku siðleysi sem viðgengst með blessun ríkisvalds og samtaka atvinnurekenda. Það jaðrar við þrælahald að nýta alla orku fólks og greiða því laun sem ekki er hægt að lífa af.

Íslendingar standa andspænis því að móta atvinnustefnu til framtíðar. Kvennalistinn ítrekar að sú stefna verður að taka mið af umhverfinu og nýtingu þeirrar fjárfestingar, reynslu og þekkingar sem fyrir er í landinu. Enn og aftur bendum við á þá óþrjótandi möguleika sem felast í smáfyrtækjum af ýmsum toga. Við elgum að nýta okkur hagkvæmni smæðarinnar og stuðla að samvinnu íslenskra fyrirtækja í samkeppni þeirra við erlenda framleiðendur. Konur hafa í því efni mikilli þekkingu og reynslu að miðla. Hvorttveggja er þó forsmáð af þeim stjórnvöldum sem skipa nefnd til að móta stefnu um nýsköpun í atvinnulifi án þess að ein einasta kona komi þar að verki. Þessu verður ekki unað lengur. Konur hvar sem þær starfa eða standa í flokki verða að sameinast gegn sliku gerræði. Við konur verðum að tryggja að ekki verði framhjá okkur gengið við mótnu nýrrar aldar.

Konur verða að gæta réttar síns

S

Samfylkingar um ófélslumálu

Byggðakvóti og frjálsar krókaveiðar

Niðurstöður vinnuhópa í sjávarútvegsmálum:

Stefna Kvennalistans um byggðakvóta, þar sem 80% af heildarafla verði úthlutað til byggðarlaga með hliðsjón af löndum um afla næstliðinna ára, stendur óhögguð, en hún var fyrst sett fram 1987. Við útfærslu hennar þarf þó að taka tillit til þess að miklar tilfærslur hafa orðið milli byggðarlaga á undanförnum árum vegna sölu skipa. Taka þarf tillit til stöðunnar fyrir fimm árum og fyrir daga fiskveiðistjórmunar, sem hófst árið 1984.

Kvennalistinn minnir á, að úthlutun veiðiheimilda skapar ekki eignarrétt skv. lögum sem nú gilda. Það á því að vera löglega og tæknilega mögulegt að koma á byggðakvóta. Með byggðakvóta væri rofið það samband sem í dag er á milli kvóta og skips. Þannig gengur óveiddur fiskur í sjó kaupum og sölum, sem hefur kallað yfir okkur brask og spillingu hvers konar og hyglað þeim sem af einhverjum ástæðum höfðu stundað fiskveiðar á einhverjum tilteknum viðmiðunarárum.

Aflamark og virkara samráð um heildarkvóta

Taka þarf mið af tillögum Hafrannsóknarstofnunar um leyfilegan heildarafla. Mörg fleiri atriði skipta þó sköpum við skynsamlega nýtingu fiskistofna en vegið magn upp úr sjó, s.s. veiðarfæri, fjöldi skipa, veiðitími, veðurfar og lífríkið í hafinu.

Kvennalistinn vill, að krókaveiðar séu áfram frjálsar og er hlynntur línutvöföldun, eins og hún er framkvæmd nú.

Koma þarf á virkara samstarfi sjómanna og vísindamanna um stjórn fiskveiða, með það að markmiði að þeir sem vinna við sjávarútveg taki þátt í ákvarðanatöku. Auðlindir hafssins eru þjóðareign og allra hagur að nýta þær skynsamlega. Kvennalistinn leggur til, að áður en sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla, sem veiða má á hverju fiskveiðíári, þá þurfi að liggja fyrir tillögur samráðsnefndar um það efni. Kvennalistinn bendir á, að ákvæði um samráðsnefnd sjómanna og Hafrannsóknarstofnunar er að finna í 3. kafla núgildandi

laga um stjórn fiskveiða. Skal hún fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeilda og aflamark og gera tillögur um úrlausnir. Kvennalistinn leggur til, að fulltrúar úr fleiri greinum sjávarútvegs, þ.a.m. konur í fiskvinnslu, fái sæti í þeirri nefnd og að hún móti m.a. tillögur til ráðherra um verndarsvæði og heildarafla.

Verndun og nýting og notkun visthæfра veiðarfæra

Friða þarf ákveðin svæði algerlega fyrir tilteknum gerðum skipa og veiðarfæra, sérstaklega þá staði og þann tíma sem hrygning stendur yfir. Kvennalistinn telur, að skyndilokanir svæða í nokkrar vikur í senn hafi ekki skilað nógum miklu í uppbryggingu fiskistofna. Rannsaka þarf sérstaklega áhrif botndreginna veiðarfæra á lífríki sjávar og beina veiðum í meira mæli til skipa sem nota visthæf veiðarfæri. Kvennalistinn telur að skoða beri þann möguleika að skipta miðum upp í grunn-sjávarmið og djúpsjávarmið og væru þá grunnsjávarmiðin fyrir íbúa viðkomandi svæða undir stjórn heimamanna.

Kvennalistinn vill gera skylt að bjóða allan afla til sölu innanlands. Þenn eru ónýttir möguleikar í frekari fullvinnslu sjávarafurða, sem geta skapað atvinnu og útflutningstekjur. Kvennalistinn vill, að húsnæði og búnaður frystihúsa sé nýttur til að þróa nýja framleiðslu og vinna nýjar tegundir sjávarfangs. Kvennalistinn vill framhald á tilraunum með lúðueldi, en leggur áherslu á viðtækan undirbúning við frekara fiskeldi í framtíðinni.

Rannsóknir og markaðssókn

Í tillögu Kvennalistans um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir að 20% af heildarafla verði ráðstafað vegna sérstakra aðstæðna, selt eða leigt og þeim tekjum m.a. varið til rannsókna tengdum sjávarútvegi eða verðlauna fyrir sérstakara frammistöðu við nýtingu afla. Við teljum þó, að framlög stjórnvalda þurfi einnig að koma til, sérstaklega við að þróa nýjar vinnsluaðferðir og vinnslu áður ónýttra sjávarafurða. Alltaf þarf að vera í gangi stöðug markaðsleit. Það er flestum fyrirtækjum ofviða að leggja mikið fjármagn í slíkt ein og sér. Samtök sjávarútvegsfyrirtækja þurfa að vera leiðandi í markaðsöflun.

Settar verði reglur um úthafsveiðar

Víða í kringum landið eru fiskistofnar sem við höfum ekki nýtt sem skyldi. Þenn er of lítið vitað um stofnstærð þeitra, þrátt fyrir aukna veiði, og þarf úr að bæta með ítarlegum rann-

sóknum. Íslendingar eiga að hafa forystu um að settar verði reglur um veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum og samningum náð milli þeimi þjóða sem nýta sameiginlega þau svæði.



Íslenskum landbúnaðarhópi

Viðhorfa kvenna gætir of lítið

Sóloveig Stefánsdóttir flutti stutt erindi um stöðuna í íslenskum landbúnaði á landsfundinum á Löngumýri, en síðan voru málín rædd i minni hópi. Ekki vannst tími til að semja ályktun til umræðu og samþykktar, og voru konur sammála um brýna nauðsyn meiri vinnu innan Kvennalistans í þessum málaflokki. Meirihluti kvennanna í umræðuhópnum höfðu reynslu af búskap, og voru umræðurnar bæði liflegar og heitar. En að lokum urðu konurnar sammála um eftifarandi niðurstöður, sem kynntar voru öðrum landsfundarkonum:

Íslenskir bændur standa nú á krossgötum og verða að búasig undir harða samkeppni við innfluttar búvörur í auknum mæli. Kvennalistinn vill standa vörð um íslenskan landbúnað og telur, að möguleikar hans felist fyrst og fremst í framleiðslu hollustuvara við visthæf skilyrði.

Efla þarf neytendafræðslu, bæta vörumerkingar og leggja höfuðáherslu á vörugæði, auk þess sem brýnt er að ná niður vöruberði með öllum tiltækum ráðum. Gera þarf strangar gæðakröfur til innfluttrar sem innlendar framleiðslu.

Sjálfsgagt er að beita jöfnunargjöldum á innfluttar vörur eftir því sem lög og reglur heimila.

Bændur þurfa áframhaldandi stuðning til aðlögunar að breyttum skilyrðum, og leggja þarf sérstaka áherslu á stuðning við uppbyggingu atvinnu fyrir konur í dreifbýli.

Viðhorfa kvenna gætir alltof lítið í íslenskum landbúnaði, og er brýnt að bæta úr því. Kvennalistinn skorar því á konur að flykkjast nú til áhrifa í samtökum bænda um allt land.

Auk þess leggur landbúnaðarhópur til, að komið verði á fót starfshópi innan Kvennalistans um landbúnaðarmál. Hópurinn skili af sér innan 4 mánaða og undirbúi m.a. dagsfund um ástand og leiðir til úrbóta í íslenskum landbúnaði.

Frá sjónarhóli kvenna

Nokkru eftir vorþingið í Dýrafirði í júní sl. hófst hópur kvenna handa við að ræða fjármál ríkisins og hvað Kvennalistinn vildi í þeim efnum. Farið var í gegnum stöðu ríkissjóðs og spár um þjóðarbúskapinn, útgjöld ráðuneytanna voru skoðuð svo og tekjuöflun ríkisins og vöngum velt yfir nýjum leiðum til tekjuöflunar og sparnaðar.

Fljótlega beindust sjónir mjög að heilbrigðiskerfinu, en sá málaflokkur ásamt tryggingunum tekur til sín 42% af útgjöldum ríkisins. Við ræddum leiðir til sparnaðar, ekki síst fyrirbyggjandi aðgerðir, sem skilað geta miklu til lengri tíma litið, en einnig grundvallarspumingar eins og þá fyrir hverja tryggingarnar eru og hvort við erum sammála þeiri tekjutengingarleið, sem ríkisstjórnin hesur hægt og bílandi verið að feta sig eftir á undanförnum árum. Svo fór að „sérfræðingar“ Kvennalistans í heilbrigðis- og tryggingamálum voru kallaðir til, og þær settu niður nokkrar mikilvægar spurningar fyrir landsfundinn á Löngumýri.

Fyrir landsfundinn tók hópurinn saman mikið af upplýsingum um stöðu ríkissjóðs og setti fram vangaveltur og spurningar, sem Kvennalistinn þarf að taka afstöðu til miðað við núverandi stöðu ríkisfjármálanna og rýmandi tekjur.

Það er skemmst frá að segja, að í þeim hópi sem ég var í hófst mikil umræða um misréttið í skattakerfinu, skattsvíkin og það hve litið tillit er tekið til framfærslu barna, ekki síst á framhaldsskólaaldri. Þá var mikið rætt um tekjutengingu, m.a. hvort ástæða væri til að senda fullvinnandi fólk með sæmilegar tekjur 1 100 kr. tvísvar á ári í barnabætur. Í okkar hópi var varað við frekari tekjutengingu og minnt á þá grundvallarhugmynd sem tryggingakerfi okkar byggist á (p.e. hugmyndir Beveridge frá því í lok síðari heimsstyrjaldarinnar) og ganga út frá því, að allir borgi tryggingar og eigi ákveðinn rétt.

Í hinum hópnum sem ræddi ríkisfjármálum var meira fylgi við frekari tekjutengingu, og varð niðurstaðan sú, að Kvennalistinn yrði fljótlega að efna til mikilla umræðna um trygginga-

kerfið og marka stefnu í ljósi þess hve mikill vöxtur er fyrir-sjáanlegur í því. Hverjum eiga tryggingarnar að þjóna og hvernig, er sú stóra spurning sem enn á ný þarf að glíma við.

Tíminn til umræðna á landsfundinum reyndist alltof naumur, og því mun ríkisfjármálahópurinn halda áfram starfi. Kjörtímabilið er nú rúmlega hálfnað og ekki seinna vænna að fara að undirbúa frekari stefnumótun. Því mörgu þurfum við að velta fyrir okkur út frá sjónarhóli kvenna, sem eru látnar borga brúsann af samdrættinum og niðurskurðinum, m.a. með auknu álagi á fjölskyldurnar og tilfinnanlegu atvinnuleysi.

K.Á.

Jólakort Kvennalistans

eru væntanleg á Laugaveg 17 þriðjudaginn 23. nóvember, og nú vantar nokkrar hendur til að pakka þeim inn. Komið á skrifstofuna kl. 17. á þriðjudag.

Tippabolirnir eru komnir!

Bolimir með hinum hnittmiðuðu skilaboðum til þjóðarinnar um launamun kynjanna urðu svo vinsælir, að við komumst ekki hjá því að panta meira. Og nú eru þeir komnir í söluskáp Kvennalistans á Laugavegi 17. Þeir kosta 1.500 kr. og skapa umræður hvar sem þeir sjást.

Halló-dagurinn 21. nóv.

Sunnudaginn 21. nóvember verður alþjóðlegi hallódagurinn haldinn í 21. sinn. Skipuleggjendur segja, að þátttakendur í 161 landi leggi sitt af mörkum til friðvænlegri heims með því aðheilsa tíu manns með hými brá. Það ætti að vera flestum Íslendingum útlátalaust að bjóða tíu manns góðan dag á þessum degi og þó oftar væri.

Konur styðji konur

Landsfundur Kvennalistans, haldinn að Löngumýri í Skagafirði 5. - 7. nóvember 1993, hvetur konur til að stuðla að og styðja frambóð kvenna um land allt í sveitarstjórnakosningunum vorð 1994.

Þegar Kvennalistinn fyllti tuginn

Starfsárið frá 1. október 1992 til 30. september 1993 markaðist tölувert af þeiri staðreynd, að Kvennalistinn var formlega stofnaður 13. mars 1983, og var 10 ára afmælisins minnst með ýmsu móti. Ber þar hæst veglega afmælishátið á Hótel Borg hinn 12. mars, en á næstu dögum hnýtum við enda hnútinn á afmælishaldið með útkomu blaðs, sem berast mun inn á hvert heimili landsins.

Landsfundur 1992 á Laugarvatni

Landsfundur Kvennalistans 1992 var haldinn á Laugarvatni 30. október til 1. nóvember. Umsjón fundarins var í höndum Reykjavíkuranga, en undirbúningsnefnd skipuðu þær Eyrún Ingadóttir, Laugarvatni, og Reykjavíkurkonurnar Anna Jóna Guðmundsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Ína Gissurardóttir, Nína Helgadóttir og Sigrún Sigurðardóttir. Ályktanum var um atvinnumál, sjávarútvegsmál, ríkisfjármál, afstöðuna til EES og öryggismál, og er allar ályktanirnar að finna í 11. tbl. Fréttabréfsins 1992.

Samráðsfundirnir urðu fimm

Fimm samráðsfundir kvenna úr öllum öngum voru haldnir á starfsárinu, þ.e. 17. október, 9. janúar, 24. apríl, 19. júlí og 18. september. Júlfundurinn var reyndar svokallaður atorkaráðsfundur og haldinn til þess fyrst og fremst að leggja loka-hond á mótu tillagna að breyttum starfsháttum Kvennalistans.

Konur sameinuðust um mótmæli gegn ofbeldi

Skipulagðar nauðganir á konum sem liður í striðsrekstrinum í fyrrum Júgóslavíu hafa vakið hrylling um allan heim. Kvennahreyfingar á Norðurlöndunum höfðu samráð um mótmæli gegn þessu svívirðilega ofbeldi. Kvennalistakonur ásamt konum frá Kvenfélagasambandinu og Kvenréttindafélaginu höfðu frumkvæði að aðgerðum íslenskra kvenna, sem fólust í mótmælastöðu á Austurvelli miðvikudaginn 17. febrúar, formlegum mótmælum til yfirvalda, samverustund í Dómkirkjunni

og greinaskrifum. Þá voru konur um allt land hvattar til að sýna hug sinn með því að setja lifandi ljós út í glugga, og brugðust margar vel við.

Ráðstefna um atvinnumál í febrúar

Kvennalistinn hélt ráðstefnu um atvinnumál laugardaginn 20. febrúar undir yfirskriftinni ATVINNULÍF FRAMTÍÐAR - ÁHRIK KVENNA. Quðrún Agnarsdóttir stjórnaði ráðstefnunni, en frum-mælendur voru átta, þær Hildur Jónsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Elínbjörg Magnúsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Quðrún J. Halldórsdóttir, Elsa Quðmundsdóttir, Elín Agnarsdóttir og Ásta Snorradóttir. Gögn um ráðstefnuna eru fáanleg á skrifstofu Kvennalistans.

Vegleg afmælishátið í mars

Föstudaginn 12. mars var haldin vegleg hátið á Hótel Borg til að minnast 10 ára afmælis Kvennalistans. Ragnhildur Vigfús-dóttir var veislustýra, Magdalena Schram flutti hátiðaræðu, Kvennakór Reykjavíkur söng undir stjórn Margrétar Pálmadóttur, Þórhildur Þorleifsdóttir stjórnaði leikþætti, og að lokum var dansað við undirleik Bogomils Font og milljónamæringanna. Tókst þessi afmælishátið mjög vel og verður áreiðanlega ógleymanleg öllum, sem hana sátu.

Málþing um aðstöðu fæðandi kvenna

Kvennalistakonur héldu málþing 17. apríl um aðstöðu fæðandi kvenna í samvinnu við Kvenfélagasambandið, Kven-réttindafélagið og konur úr öllum stjórnmálaflokkum, sem eiga sæti á Alþingi. Erindi fluttu Þórhildur Þorleifsdóttir, Sigríður Th. Erlendsdóttir, Ingibjörg Einisdóttir, Þóra Fischer, Hólmfríður Sigurðardóttir, Anna Björg Aradóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ólöf Ásta Ólafsdóttir. Í fundarlok voru samþykktar áskoranir um úrbætur í málum fæðandi kvenna.

Vorþing 1993 að Núpi í Dýrafirði

Vorþing hefur unnið sér árvissan sess í starfsemi Kvennalistans, þótt ekki sé orð um slíka samkomu í starfsreglum. Það var haldið að Núpi í Dýrafirði 11. - 13. júní og var í umsjá Vestfjarðaanga. Þar var rætt um ástand og horfur í íslenskum stjórnmálum, en einnig um alþjóðamál í ljósi breytrra að-stæðna í heiminum. Þá voru innri mál Kvennalistans rædd og undirbúningur undir sveitarstjórmarkosningarnar 1994. Megin-

tilgangur vorþings er þó að gefa kvennalistakonum tækifærl til að hittast og gleðjast saman, og var það gert svikalaust.

Utanlandsferðir kvennalistakvenna

Kvennalistakonur koma viða fram fyrir Kvennalistann, bæði hér heima og í útlöndum. Boð til útlanda eru auglýst í Fréttabréfi, ef þess er kostur, og þær, sem fara á vegum Kvennalistans, miðla reynslu sinni á fundum og í Fréttabréfi. Heldur minna var um slík boð á þessu starfsári en oft áður.

Í nóvember sótti Guðrún Agnarsdóttir 16. árlega ráðstefnu kvenna á Írlandi, The Women's Political Association, en markmið þeirra samtaka er að örva og hvetja konur til þátttöku í stjórnmálum. Guðrún flutti erindi um frumkvæði, en frásögn hennar birtist í 2. tbl. Fréttabréfsins á þessu ári. Þess skal getið, að írskar konur stofnuðu Kvennalista fyrir rúmu ári, en hafa ekki enn boðið fram í kosningum.

Steinunn V. Óskarsdóttir sótti svokallað ungliðapting Norðurlandaráðs, sem halddið var í Oslo í febrúar, og er frásögn af því í 5. tbl. Fréttabréfsins. Er þetta í annað sinn sem Kvennalistanum gefst kostur á þátttöku í þessu starfi ungliðanna, og verður væntanlega framhald á því.

Samiskar kvennalistakonur í bænum Karasjok í Finn-mörku būðu kvennalistakonu frá Íslandi til sín í ágúst. Kvennalistinn í Karasjok hefur tvívegis boðið fram til Samnings, án þess þó að ná sæti, en hins vegar sitja tvær kvennalistakonur í bæjarstjórn Karasjok. Margrét Sæmundsdóttir heimsótti þær f.h. Kvennalistans og segir frá ferðinni í 9. tbl. Fréttabréfsins.

Norræni heilbrigðisháskólinn í Gautaborg bauð til sín tveimur kvennalistakonum í september. Það kom í hlut þeirra Guðrúnar Ögmundsdóttur og Kristínar Ástgeirs dóttur að fara þangað og flytja fyrirlestra um Kvennalistann og taka þátt í umræðufundi um heilsu kvenna. Þær heyjuðu sér mikinn fróðleik, sem þær sögðu frá í laugardagskaffi, og Kristín skrifaði um ferð þeirra í 10. tbl. Fréttabréfs þessa árs.

Útgáfumál Kvennalistans

Kvennalistakonur eiga að geta fylgst nokkuð vel með starfsemi Kvennalistans í gegnum Fréttabréfið, sem kemur út mánaðarlega. Sá hængur er á, að angarnir eru ekki nógu duglegir að senda pistla, og þyrfti að ráða bót á því. Þessi miðill á ekki bara að vera málþípa framkvæmdaráðs og þingflokkus.

Staða Veru er allgóð, þrátt fyrir erfiðleika í formi virðis- aukaskatts og versnandi afkomu almenns launafólks. Áskrif-

endahópur Veru er fjölskrúðugur, enda er Vera ekki beinlínis málgagn Kvennalistans, þótt Kvennalistinn gefi hana út. Hins vegar eru allmargar kvennalistakonur ekki áskrifendur að Veru, og mættu þær gjarna bæta úr því.

Fyrir nokkrum árum kom út bæklingurinn Frá Kvennalistanum til þín, sem þótti handhægur til kynningar á Kvennalistanum og aðstæðum íslenskra kvenna. Nú hefur þessi bæklingur verið endurunni og verður gefinn út aftur á næstunni.

Pá er loks að geta Pilsaplys, sem kemur út næstu daga. Nína Helgadóttir annast ritstjórn þess blaðs, sem verður borlöginn á hvert heimili í landinu.

Sitt af hverju tagi

Laugardagskaffið, sem Reykjavíkurangi hefur lengst af staðið fyrir, er alltaf jafn vinsælt. Umsjón skiptist nú á milli anganna í Reykjavík og Reykjanesi, en Samtökin greiða kostnæði við auglýsingar, enda litið svo á, að það sé hagur okkar allra að standa vel að þessu verki.

Leshring var hleypt af stokkunum á Laugavegi 17 í mars, og er hann enn starfandi. Konurnar hittast yfirleitt síðasta mánuðagskvöld hvers mánaðar, og á dagskrá hafa verið bækur estir Virginiu Woolf, Vigdís Órimsdóttur, Álfruunu Gunnlaugsdóttur, Susan Faludi og Isabellu Allende.

Í sumarþyrjun bættust í söluskáp Kvennalistans bolir, sem aldeilis hafa fallið í kramið. Þeir eru gráir á lit með dágóðum texta í bak og fyrir um kjör kvenna.

Rætt hefur verið um, að Kvennalistinn helgi sér eitthvert blóm sem einkennisblóm, og hefur eyrarrós einkum verið nefnd til sögunnar. Væri gaman að fá álit kvenna á þeim hugmynd.

Í ágúst á næsta ári verður Nordisk Forum haldið öðru sinni, í þetta sinn í Finnlandi. Kvennalistinn hefur tilkynnt þátttöku, en ekkert hefur enn verið ákveðið, hvemig þeiri þátttöku verður háttáð. Sigurbjörg Ásgeirsdóttir er fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, sem heldur um þræðina hér á landi.

Engin breyting hefur orðið í starfsliði Kvennalistans þetta starfsár, en Vera fékk liðsauka þrjá sumarmánuði til að hreinsa upp ýmislegt, sem vill ýtast til hliðar í dagsins önn. Starfskonur eru nokkuð ánægðar með sinn hag, en vildu fegnar verða fyrir meira ónæði grasrotarkvenna um allt land, sem vildu bæta kryddi í hugsjónapottréttinn í Kvennalistaeldhúsinu.

Á allra heilagra messu hinn 1. nóvember 1993,

Kristín Halldórsdóttir.